

ADVENTUTÓNLEIKAR

Nicholas Kraemer, hljómsveitarstjóri
Katherine Watson, einsöngvari
James Gilchrist, einsöngvari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói laugardaginn 11. desember kl. 17.00

Nicholas Kraemer, hljómsveitarstjóri

Katherine Watson, einsöngvari

James Gilchrist, einsöngvari

AÐVENTUTÓNLEIKAR

Georg Friederich Händel

úr *Messíasi*:

Forleikur

Comfort ye / Ev'ry valley

Rejoice greatly

Alla hornpipe, úr Vatnasvítu nr. 2

Johann Sebastian Bach

Komm, Jesu, komm zu deiner Kirche,

úr kantötu BWV 61

Georg Friederich Händel

As Steals the Morn,

úr *L'Allegro, il Penseroso ed il Moderato*

Wolfgang Amadeus Mozart

Alleluia, úr Exultate, jubilate

Hlé

Arcangelo Corelli

Concerto grosso op. 6 nr. 8, „Jólaconsertinn“

Vivace – Grave

Allegro

Adagio – Allegro – Adagio

Vivace

Allegro

Largo. Pastorale

Johann Sebastian Bach

Jauchzet Gott in allen Landen, úr kantötu BWV 51

Zion hört die Wächter singen,

úr kantötu BWV 140

Max Reger

Mariä Wiegenlied

Franz Schubert

Ave Maria

Sigvaldi Kaldalóns

Ave Maria

Adolphe Adam

Cantique de Noël



RÁS 1

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út
á Rás 1 fimmtudaginn 16. desember kl. 19.00.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Nicholas Kraemer er fæddur í Edinborg og hóf feril sinn sem semballeikari. Hann fór síðan í auknum mæli að stjórna Ensku kammersveitinni frá sembalnum og þá varð ekki aftur snúið. Hann var aðstoðarstjórnandi BBC-hljómsveitarinnar í Skotlandi 1983–85, og listrænn stjórnandi Írsku kammersveitarinnar frá 1986 til 1992.

Kraemer hefur stjórnað fjölda hljómsveita um allan heim, m.a. Fílharmóníuhljómsveitunum í Berlín og Rotterdam, St. Paul kammersveitinni, Hljómsveit Upplýsingaraldarinnar, og Sinfóníuhljómsveitunum í Chicago, Detroit, Bermingham og Bornemouth. Hann hefur einnig unnið náið með hinni víðfrægu uppeldisstofnun í Venesúela, El Sistema, og hefur verið fenginn til að hafa umsjón með kammersveit sem mun starfa undir hatti Simon Bolívar æskulýðshljómsveitarinnar. Kraemer er nú aðalstjórnandi Music of the Baroque kammersveitarinnar í Chicago.

Kraemer hefur stjórnað fjölmörgum óperum, allt frá Monteverdi (*L'Orfeo* og *Krýning Poppeu*) til 20. aldar verka á borð við *Ariadne auf Naxos* eftir Richard Strauss og *Albert Herring* eftir Benjamin Britten. Nýlega stjórnaði hann Töfraflautunni við Ensku þjóðaróperuna. Hann hefur hljóðritað fjölda geisladiska, m.a. konserta eftir Vivaldi (Naxos), óperuna *Rodelinda* eftir Handel (Virgin Classics) og fiðlukonserta eftir Tartini og fleiri barokktónskáld (Hyperion).



Breski tenórsöngvarinn James Gilchrist hóf feril sinn sem læknir, en hafði ekki starfað sem slíkur nema í nokkur ár þegar hann ákvað að snúa sínu kvæði í kross og gerast atvinnusöngvari. Til að byrja með söng hann með heimsþekktum endurreisnarkórum, Tallis Scholars og The Sixteen, en síðan tók hann að sér kröfuharðari einsöngshlutverk, m.a. með John Eliot Gardiner í frægri tónleikaferð um Evrópu árið 2000 þar sem fluttar voru allar kantötur Bachs.

Gilchrist hefur sungið einsöng í öllum helstu söngverkum barokk- og klassíska tímans, m.a. h-moll messunni og passíum Bachs og c-moll messu Mozarts. Á óperusviðinu hefur hann meðal annars sungið við Staatsoper í Berlín og Ensku þjóðaróperuna, og hefur hljóðritað Mattheusarpassíu Bachs (með Paul McCreesh fyrir Deutsche Grammophon), Nátt söngva Rakmaninoffs (með King's College kórnum í Cambridge fyrir EMI), og fjölmargar kantötur Bachs, með Gardiner, Ton Koopman og Masaaki Suzuki.



Sópransöngkonan Katherine Watson er ein skærasta stjarnan í hinum víðfræga hópi Les Arts Florissants sem starfar undir stjórn Williams Christie og hefur sett ný viðmið í flutningi barokktónlistar. Hún hefur sungið undir stjórn Christies m.a. í Barbican í Lundúnum og Alice Tully Hall í New York, og hlotið mikið lof fyrir túlkun sína.

Watson útskrifaðist frá Háskólanum í Cambridge árið 2008, en þar söng hún undir stjórn Richard Marlow og Stephen Layton við Trinity College. Hún nam einnig engilsaxneska sögu og bókmenntir, en hefur undanfarið einbeitt sér að söngnum. Hún hefur sungið *Exultate, jubilate* eftir Mozart í Westminster Abbey, og *Solomon* eftir Händel í King's College undir stjórn Stephen Cleobury.

JÓLATÓNAR FRÁ ÝMSUM TÍMUM

Fögnuður jólanna hefur gegnum aldirnar fundið hljómgrunn í tónsköpun af ýmsum toga, og fátt er betur til þess fallið en hátíðlegir tónar að lyfta andanum og búa hann undir frið og gleði jólanæturinnar. Uppistaða efnisskrár aðventutónleika SÍ er að þessu sinni verk eftir þrjá barokkmeistarara: Bach, Händel og Corelli, auk þess sem hljóma lög og stakir þættir úr verkum eftir tónskáld síðari alda, þar sem Mozart fer fremstur í flokki.

Þegar Georg Friederich Händel (1685–1759) fluttist frá Þýskalandi til Bretlandseyja árið 1710 hafði hann þegar vakið athygli fyrir óperur sínar og þótti standa einna fremst samtímamanna sinna í glímunni við hið stóra leikræna form. Óperulífið í Lundúnum stóð með miklum blóma og Händel sendi frá sér hvert meistaraverkið á fætur öðru, en veturinn 1737 var áhugi heimamanna á ítalskri óperuhefð tekinn að dala og ekkert útlit fyrir að tækist að safna nægum áskrifendafjölda í King's Theatre til að tryggja nýtt starfsár. Handel var fljótur að átta sig á því hvernig smekkur fólks hafði breyst og næstu árin samdi hann hverja óratóríuna á fætur annarri við miklar vinsældir. Óratóríur eru svo að segja óperur við trúarlega texta; söguþráðurinn er fenginn úr biblíunni, en tónlistin sjálf ber öll helstu einkenni óperunnar, að því undanskildu að hér fer kórinn með ólíkt stærra hlutverk.

Vinsælasta óratoría Handels sker sig þó úr að því leyti að hún hefur ekki dramatískan söguþráð, heldur er hún röð hugleiðinga um fæðingu og dauða Krists. *Messías* varð til á undraskömmum tíma vorið 1742, við Biblíutexta sem guðfræðingurinn Charles Jennens valdi saman. Samtímamönnum tónskáldsins féll *Messías* vel í geð eins og lesa má í *Dublin Journal* í apríl 1742: „Í gær var hin nýja óratoría hr. Händels, *Messías*, æfð fyrir fullum sal þar sem var saman komið hið æruverðugasta heiðursfólk. Verkið var svo vel flutt að það gaf óblandna ánægju öllum þeim sem viðstaddir voru, og hinir mestu kunnáttumenn kváðu það vera bestu tónsmíð sem nokkru sinni hefði heyrst.“ Ekki er hrifning nútímamanna síðri ef marka má árvissan flutning óratóríunnar um gjörvalla heimsbyggðina. Tónlist Händels er vitaskuld meðal hápunkta síðbarokksins og honum tekst án minnstu áreynslu að sameina í eitt verk hin fjölbreyttustu efnistök, frá glæðri heiðríkju til dýpstu sorgar.

Vatnatónlist sína samdi Händel af mikilfenglegu tilefni. Miðvikudaginn 17. júlí 1717 steig Georg I Bretakonungur ásamt tilheyrandi fylgdarliði um borð í báta við Whitehall og sigldi upp Thames-ána til Chelsea, þar sem hópurinn snæddi kvöldverð og skemmti sér fram á nótt; konungur var kominn heim í Jakobshöllina klukkan hálf fimm um

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tvö verk á þessum tónleikum hafa ekki heyrst áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ariurnar úr kantötum Bachs BWV 61 og 140, og dúett Händels, As Steals the Morn. Kantötturnar hafa verið fluttar af ýmsum kórum hér á landi gegnum tíðina, en ekki er vitað til þess að dúettinn hafi áður hljómað á tónleikum á Íslandi.

morguninn. Allt kvöldið var leikin tónlist Händels, og dagblaðið *Daily Courant* sagði svo frá atburðinum: „Eitt skipið var notað fyrir tónlistina, og þar voru 50 hljóðfæri af öllum gerðum sem léku finustu sinfóníur, samdar sérstaklega fyrir tilefnið af hr. Hendel [svo], sem féllu hans hátign svo vel í geð að hann óskaði eftir að þær væru leiknar alls þrisvar sinnum.“

Händel gaf vatnatónlistina ekki út á nótum, en ekki leið á löngu þar til afrit af verkinu voru farin að ganga manna á milli. Stakir kaflar voru leiknir í Stationers' Hall í febrúar 1722 og heyrðust líka í leikhúsum borgarinnar milli þátta í leikverkum. Smám saman fór að tíðkast að raða þáttunum saman í svítur eftir tóntegund, D-dúr, F-dúr og G-dúr. Tónlistin er auðvitað tignarleg eins og tilefnið gefur til kynna, en Händel bryddaði líka upp á ýmsum nýjungum. Til dæmis höfðu frönsk horn aldrei fyrr verið notuð í ensku tónverki svo vitað sé, en þau áttu auðvitað prýðilega við þegar leikið var úti undir beru lofti.

Árið 1740 samdi Händel verk við annan texta sem séra Charles Jennens hafði fléttað saman, að þessu sinni úr tveimur ljóðum Johns Milton, *L'Allegro* og *Il Penseroso*, sem mætti þýða sem Hinn glaðværi og Hinn íhuguli. Jennens bætti við þriðja hlutanum, sem nefnist *Il Moderato* eða Hinn hófsami, og náði þannig klassísku jafnvægi milli andstæðanna í kvæði Miltons. Margir telja þetta verk meðal meistaraverka Händels og að sjaldan hafi þýska tónskáldinu tekist jafnvel upp að tónsetja enskan texta. Dúettinn *As Steals the Morn* er dáfögur morgunhugleiðing fyrir sópran og tenór, og áminning skáldsins um sigur sannleikans á ekki síður vel við á jólafestu en á öðrum tímum ársins.

Á vordögum 1723 tók Johann Sebastian Bach (1685–1750) við kantorsstöðu við Tómasarskólann í Leipzig, sem jafnframt fól í sér yfirumsjón með tónlistarflutningi í fjórum höfuðkirkjum borgarinnar. Auk þess að kenna nemendum skólans tónlist þurfti Bach að skipa þeim í fjóra kóra og sjá til þess að ávallt væri flutt viðeigandi tónlist við messugjörð og aðrar helgiathafnir. Á fyrstu árum sínum í Leipzig samdi Bach þvítíkan fjölda tónverka að stappar nærri ólíkindum, ekki síst þegar mið er tekið af gæðunum: á annað hundrað kantötur, Jóhannesar- og Mattheusarpassíurnar, Jólaóratoríu, Magnificat, og svo mætti lengi telja.

Jólafastan var tími anna og undirbúnings hjá Bach; að afloknum fyrsta sunnudegi í aðventu hljómaði raunar engin frumsamin tónlist í kirkjum Leipzig fyrr en á jólanótt, en þá tók líka hver hátíðisdagurinn við af öðrum og hver með sína kantötu sem þurfti

Kantata Bachs fyrir einsöngssópran, Jauchzet Gott in allen Landen, hljómaði fyrst á tónleikum hér á landi í Laugarneskirkju í nóvember 1968. Guðfinna Dóra Ólafsdóttir söng einsöng, en Snæbjörg Snæbjarnardóttir söng verkið í Háteigskirkju 1971 undir stjórn Marteins Hunger. SÍ hefur einu sinni flutt kantötuna í heild, árið 2005, og þá var það dóttir Guðfinnu Dóru, Hallveig Rúnarsdóttir, sem fór með einsöngshlutverkið.

að semja, skrifa út og æfa. Bach samdi tvær kantötur með heitinu *Nun komm, der Heiden Heiland* til söngs á fyrsta sunnudag í aðventu. Sú fyrri, BWV 61, var frumflutt við hirðkapelluna í Weimar 2. desember 1714. Kantatan nýtur mikillar hylli enn í dag og allt bendir til að hún hafi einnig verið í uppáhaldi hjá höfundinum sjálfum. Bach virðist hafa flutt verkið á fyrstu jólum sínum í Leipzig 1723, og jafnvel margsinnis aftur næstu árin á eftir. Tenórarárian, sem er þriðji kafli verksins, er glaðleg bæn til Krists um að koma til kirkju sinnar.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hélt ásamt föður sínum til Milánó 17 ára gamall og sú ferð markaði tímamót á ferli undrabarnsins; héðan í frá hlaut öllum að vera ljóst að úr þessum unga manni yrði einn af snillingum sögunnar. Það var meðan á dvöl feðganna í Milánó stóð sem Mozart samdi eitt vinsælasta söngverk sitt, *Exultate, jubilate*, og það var frumflutt í kirkju heilags Antoníusar 17. janúar 1773. Í Milánó hafði ópera hans, *Lucio Silla*, verið frumsýnd, og geldingurinn Venziano Rauzzini söng hlutverk Cecillos „eins og engill“, að sögn föðursins Leopolds. Stíll óperunnar er allsráðandi í þessum glæsilega þríþátungi sem ber hvergi með sér að hér haldi sautján ára stráklingur um fjaðurstaf. Lokaþátturinn er Alleluia sem gefur söngvaranum færi á að sýna bæði flúrtækni og músíkalítet á hæsta stigi, enda vinsældirnar eftir því.

Á barokktímanum var allnokkuð um að tónskáld semdu verk með yfirskriftina *pastorale* eða hjarðljóð, sem áttu að bregða upp mynd úr fjárhúsinu í Betlehem. Með slíkum þætti lýkur *Jólaconserti* ítalska fiðlusnillingsins Arcangelos Corelli (1653–1713), sem hann gaf yfirskriftina „Fatto per la notte di Natale“, eða „Saminn fyrir jólanótt“. Konsertinn kom ekki út á prenti fyrr en 1714, ári eftir að höfundurinn féll frá, en líklega var hann saminn rúmum áratug fyrr. Vitað er að Corelli tók þátt í jólatónleikahaldi hjá Pietro Ottoboni kardinála í Rómaborg árið 1690 og nýsaminn konsert hefði hentað vel við slíkt tækifæri. Líkt og aðrir konsertar Corellis er hér lítill einleikshópur sem samanstendur af tveimur fiðlum og fylgibassa, auk stærri hljómsveitar. Þættirnir eru hraðir og hægir til skiptis, sumir blíðir og aðrir fjörugir, en kunnastur er ljúfur lokakafinn þar sem vaggandi takturinn leiðir hugann að jötu nýfædda frelsarans.

Kantata Bachs, *Jauchzet Gott in allen Landen*, var líklega samin 1730 og frumflutt við messu 17. september sama ár. Hún er samin fyrir 15. sunnudag eftir þrenningarhátíð,

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands léku jólakonsert Corellis á jólatónleikum Ríkisútvarpsins í Dómkirkjunni í desember 1957. Þar stjórnaði Hans Joachim Wunderlich en Páll Ísólfsen lék á orgel og Björn Ólafsson leiddi strengjasveitina. Á sömu tónleikum söng Þuríður Pálsdóttir *Exultate, jubilate*, sem hún hafði einnig sungið með SÍ nokkrum árum fyrr.

en þar sem texti hennar vísar ekki í guðspjall dagsins ritaði Bach á forsíðu handritsins „et in ogni tempo“, og átti þar við að verkið mætti flytja hvenær kirkjuársins sem var. Tveir sólistar eru í aðalhlutverki í kantötunni, sópran og trompet, og Bach gerir miklar kröfur til beggja. Bach samdi fá virtúósaverk af þessum toga fyrir sópranródd. Piltar úr Tómasarskólanum sungu við helgiöld í Leipzig, og Bach vissi sem var að ekki var ávallt hægt að gera sömu tæknilegu eða músikölsku kröfur til þeirra og eldri og reyndari söngvara. Því eru tenór- og bassa-áriur oft sýnu erfiðari viðfangs en sópranáriur í Leipzig-kantötum Bachs. Í þessu tilfelli hefur augljóslega verið um að ræða einstaka hæfileikaródd. Upphafskaflinn er glaðvær og glæsilegur lofsöngur sem krefst bæði spila- og söngtækni af hæstu gráðu.

Rúmu ári síðar festi Bach á blað kantötuna *Wachet auf, ruft uns die Stimme*, sem hljómaði fyrst 27. sunnudag eftir þrenningarhátíð 1731. Miðpunktur verksins er þáttur þar sem Bach fléttar sálmalagið og –textann – hvort tveggja eftir Philipp Nicolai – saman við eigin fiðlustef og stöðugan bassagang á bráðsnjallan hátt. Höfundinum hefur greinilega þótt mikið til um útkomuna því að hann útsetti kaflann sjálfur fyrir orgel, BWV 645, og síðan hefur það hljómað um heimsbyggðina í hinum ýmsu gerðum.

Max Reger (1873–1916) var einn helsti forvígismaður þýskrar tónsköpunar áratuginna eftir lát Wagners og tónlist hans var gegnsýrð af krómátíkinni sem einkenndi verk hins síðarnefnda. Mörgum þótti hún óþarflega flókin, og til að sýna fjölbærni sína setti hann saman „60 einfalda söngva“ (60 *schlichte Weisen* op. 76) á árunum 1904–12. Þeirra á meðal er *Vöggusöngur Maríu*, hið eina af ríflega 200 sönglögum Regers sem náð hefur hylli utan þýskumælandi landa. Einföld vögguvísan er í ruggandi 6/8-takti og vísar til upphafs annars þekktis jólalags frá miðöldum, *Joseph, lieber Joseph mein*. Ekki er þó þar með sagt að lagið beri ekki einkenni höfundarins, því óvænt tóntegundaskiptin eru dæmigerð fyrir tónsköpun hans jafnt í smáu sem stóru.

Franz Schubert (1797–1828) er einn af meisturum sönglagsins. Árið 1825 samdi hann lagaflokk við línur úr epískum ljóðabálki Sir Walters Scott, *The Lady of the Lake*, sem Adam Storck hafði snarað á þýsku nokkrum árum fyrr. Flokkurinn í heild spannar mikla dramatíska breidd: þrjú laganna eru samin fyrir kvenródd með pianóundirleik, tvö fyrir barítónródd, eitt fyrir karlaraddir og eitt fyrir kvenraddir. Úr þessum flokki hefur eitt lag, sem Schubert gaf sjálfur heitið *Ellens dritter Gesang* eða Þriðja söng

Þegar Jólakonsert Corellis var fluttur á tónleikum Kammermúsikklúbbsins í Melaskóla árið 1959 lék Páll Ísólffson fylgibassaröddina á píanó þar sem semball var ekki til. Einn gagnrýnandi ritaði af þessu tilefni: „Ekki er það vanzalaust, að ekki skuli vera til symbol, er svona verk eru flutt. Er þarna gott tækifæri fyrir einhvern þolanlega ríkan mann að gera nafn sitt ódauðlegt með því að gefa slíkt hljóðfæri.“

Ellenar, náð meiri vinsældum en flest önnur tónverk hans. Textinn sem Schubert tónsetti er ekki hin hefðbundna latneska kirkjubæn, heldur kvæði Scotts í þýskri þýðingu. Nú til dags tíðkast þó einnig að setja latinuna við sönglínu Schuberts og er það gert á þessum tónleikum. Í frumgerðinni hefur söguhetjan, Ellen Douglas, fylgt útlægum föður sínum og dvelur með honum í helli. Mikil orusta er í aðsigi, og einn þeirra sem þar mun láta lífið er Roderick, sem elskar Ellen og hefur beðið um hönd hennar. Ellen fer með bæn til Maríu guðsmóður og biður hana um vernd.

Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946) á tvö af ástsælustu jólalögum sem samin voru á Íslandi á 20. öld: *Nóttin var sú ágæt ein* og *Ave Maria*. Hefðu þau verið samin sunnar í álfunni við eitt heimsmálanna væru þau vísast sungin um víða veröld. *Dansinn í Hruna* eftir Indriða Einarsson var jólasýning Leikfélags Reykjavíkur árið 1925 og var Sigvaldi fenginn til að semja lög við leikinn. „J.B.“, leikdómari *Morgunblaðsins*, komst svo að orði: „Söngvarnir í leikritinu tókust vel, flestir þeirra. En einkum þótti mönnum mikið koma til lokasöngsins, *Ave Maria*: er hann bæði fagur og yfir honum er hátíðarblær og lotningar.“ Fáeinum vikum síðar söng Eggert Stefánsson lagið á tónleikum í Frikirkjunni við undirleik Sigvalda bróður síns, og var þá haft á orði í einu blaðanna að lagið myndi eflaust ná „miklum tókum á huga manna“. Hljómsveitarútsetningin er eftir Hrafnkel Orra Egilsson og var gerð sérstaklega fyrir þessa tónleika.

Franski tónsmiðurinn Adolphe Adam (1803–1856) er kunnastur fyrir sviðsverk sín, óperur og balletta sem hann samdi fyrir Parísaróperuna og nutu mikillar hylli á sinni tíð, ekki síst ballettinn *Giselle* frá árinu 1841. Sex árum síðar festi hann á blað lítinn jólasálm sem hefur farið sigurför um heiminn. Það var skáldið og vinkaupmaðurinn Placide Cappeau sem bað Adam um lag við jólakvæði sitt. Tónskáldið hristi lagið fram úr erminni á nokkrum dögum og það var fyrst sungið við miðnæturmessu í heimabæ skáldsins, Roquemaure, skammt frá Avignon, á jóladag 1847. Tæpum sex áratugum síðar varð það fyrsta tónsmíðin til að hljóma í útvarpi; kanadíski uppfinningamaðurinn Reginald Fessenden lék lagið á fiðlu á aðfangadagskvöld 1906 og söng með í lokaerindinu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þýsk söngkona, Helena Fernau að nafni, söng Mariä Wiegenlied á tónleikum bæði í Reykjavík og á Seyðisfirði haustið 1922 við góðar undirtektir. Þá voru aðeins sex ár liðin frá andláti Rogers, sem hafði verið meðal kennara Páls Ísólfssonar við Tónlistarháskólann í Leipzig. Haustið 1938 gaf His Master's Voice í Kaupmannahöfn út hljómplötu þar sem María Markan söng tvö lög, og var annað þeirra Mariä Wiegenlied.

**Comfort ye/
Ev'ry valley shall be exalted**

Úr Messiah

Recitative:

Comfort ye, comfort ye my people,
saith your God.

Speak ye comfortably to Jerusalem,
and cry unto her,
that her warfare is accomplished,
that her iniquity is pardoned.

The voice of him that crieth
in the wilderness,
Prepare ye the way of the Lord,
make straight in the desert a highway
for our God.

Air:

Ev'ry valley shall be exalted,
and ev'ry mountain and hill made low,
the crooked straight,
and the rough places plain.

Isaiah, xl, 1-4

**Huggið, huggið mitt fólk /
Allir dalir skulu upphefjast**

Úr Messías

Söngles:

Huggið, huggið mitt fólk
segir yðvar Guð.

Talið vinsamlega við Jerúsalem,
og predikið henni,
það hennar riddaraskapur hafi eirn enda.
Því að hennar misgjörningur er fyrirgefinn.

Þar er raust eins predikara
útí eyðimörkinni.
Tilreiði þér vegu Drottins
og gjörði í óbyggðinni sléttan veg vorum
Guði.

Aría:

Allir dalir skulu upphefjast,
og öll fjöll og hálsar skulu niðurlægð verða,
og hvað óslétt er það skal slétt verða
og hvað ójafnt er það skal eggslétt verða.

Jesaja, 40:1-4

Rejoice greatly, O daughter of Zion

Rejoice greatly, O daughter of Zion;
shout, O daughter of Jerusalem:
behold, thy King cometh unto thee;
He is the righteous Saviour,
and He shall speak peace unto the
heathen.

Zehariah ix, 9-10

En þú dóttir Síon, gleð þig mjög

En þú dóttir Síon, gleð þig mjög,
og þú dóttir Jerúsalem fagna þú,
sjá þú, þinn kóngur kemur til þín.
Réttlátur og eirn hjálpari.
Þvíað hann skal kenna frið á meðal
heiðingjanna.

Komm, Jesu, komm zu deiner Kirche

Komm, Jesu, komm zu deiner Kirche
Und gib ein selig neues Jahr!
Befördre deines Namens Ehre,
Erhalte die gesunde Lehre
Und segne Kanzel und Altar!

Erdmann Neumeister

Kom, Jesú, kom til kirkju þinnar

Kom, Jesú, kom til kirkju þinnar
og gef oss farsælt nýtt ár!
Styrk þú heiður nafns þíns,
varðveit þú heilnæma kenningu
og blessa þú prédikunarstól og altari.

As steals the morn upon the night

As steals the morn upon the night,
And melts the shades away:
So Truth does Fancy's charm dissolve,

And rising Reason puts to flight
The fumes that did the mind involve,
Restoring intellectual day.

Charles Jennens

Eins og morgunninn læðist að nóttunni

Eins og morgunninn læðist að nóttunni
og bræðir burtu skuggana:
Þannig eyðir sannleikurinn töfrum
ímyndunarinnar,
og vaxandi skynsemi rekur á flóttu
reykjarþokurnar sem altóku hugann,
og endurreisir hádag vitsmunanna.

Alleluia

Úr *Exultate, iubilate*

Alleluia.

Jauchzet Gott in allen Landen!

Jauchzet Gott in allen Landen!
Was der Himmel und die Welt
An Geschöpfen in sich hält,
Müsse dessen Ruhm erhöhen,
Und wir wollen unserm Gott
Gleichfalls jetzt ein Opfer bringen,
Daß er uns in Kreuz und Not
Allezeit hat beigestanden.

Johann Sebastian Bach [?]

Zion hört die Wächter singen

Zion hört die Wächter singen,
Das Herz tut ihr vor Freuden springen,
Sie wachet und steht eilend auf.
Ihr Freund kommt vom Himmel

prächtigt,

Von Gnaden stark, von Wahrheit

mächtig,

Ihr Licht wird hell, ihr Stern geht auf.

Nun komm, du werte Kron,

Herr Jesu, Gottes Sohn!

Hosianna!

Wir folgen all

Zum Freudensaal

Und halten mit das Abendmahl.

Philipp Nicolai

Hallelúja

Úr *Fagnid, gleðjast*

Hallelúja.

Fagnid fyrir guði í öllum löndum!

Fagnid fyrir guði í öllum löndum!
Allar þær skapaðar verur
sem himinn og heimur geyma
verða að upphefja orðstír hans,
og vér viljum einnig nú
færa guði vorum fórn,
því að hann hefur ætíð staðið
með oss hjá krossi og í neyð.

Síon heyrir varðmennina syngja

Síon heyrir varðmennina syngja,
hjarta hennar tekur stökk af gleði,
hún vaknar og rís á fætur í skyndingu.
Vinur hennar kemur dýrðlegur frá
himni,
öflugur af náð, kröftugur af sannleika,
ljós hennar verður bjart, stjarna hennar
rís.

Kom þú nú, göfuga kóróna,

herra Jesú, sonur guðs!

Hósianna!

Vér fylgjum öll

inni í fagnaðarsalinn

og tökum þátt í kvöldmáltíðinni.

Mariä Wiegenlied

Maria sitzt im Rosenhag
Und wiegt ihr Jesuskind,
Durch die Blätter leise
Weht der warme Sommerwind.

Zu ihren Füßen
Singt ein buntes Vögelein:
Schlaf', Kindlein, süße,
Schlaf' nun ein!

Hold ist dein Lächeln,
Holder deines Schlummers Lust,
Leg dein müdes Köpfchen
Fest an deiner Mutter Brust!
Schlaf', Kindlein, süße,
Schlaf' nun ein!

Martin Boelitz

Ave Maria

Ave, Maria, gratia plena,
dominus tecum,
benedicta tu in mulieribus,
et benedictus
fructus ventris tui, Jesus.
Sancta Maria, mater dei,
ora pro nobis peccatoribus
nunc et in hora mortis nostrae.
Amen.

Forn bæn; að hluta úr Lúkasarguðspjalli

Vöggusöngur Maríu

María situr í rósalandi
og vaggar Jesúbarni sínu,
hljóðlega gegnum laufblöðin
þýtur hlýr sumarvindurinn.

Við fætur hennar
syngur litfagur lítill fugl:
Sofðu, smábarn, ljúflega,
sofnaðu nú!

Undursamlegt er bros þitt,
undursamlegri er gleði þín í svefni,
leggðu litla þreytta höfuðið þitt
þétt að brjósti móður þinnar!
Sofðu, smábarn, ljúflega,
sofnaðu nú!

Heill þér, María

Heill þér, María, náðarfull,
drottinn er með þér,
blessuð ert þú meðal kvenna
og blessaður er ávöxtur
lífs þíns, Jesús.
Heilög María, guðsmóðir,
bið þú fyrir oss syndugum
nú og á dauðastundu vorri.
Amen.

Ave Maria

Þú blíða drottning, bjartari en sólin,
þú biður fyrir lifendum og dauðum,
hríf um eilífð oss frá heljarnauðum.

Ave Maria. Ave Maria.

Gef þeim himnesk jólin.

Bið þinn son að vernda oss frá illu.

Í veröld eru margir stígir hálir.

Um eilífð vernda allar látnar sálir.

Ave Maria. Ave Maria.

Frelsa þær frá illu.

Indriði Einarsson

Minuit, chrétiens, c'est l'heure solennelle

(Cantique de Noël)

Minuit, chrétiens, c'est l'heure

solennelle,

Où l'Homme-Dieu descendit jusqu'à

nous,

Pour effacer la tache originelle,

Et de son Père arrêter le courroux.

Le monde entier tressaille d'espérance,

A cette nuit qui lui donne un Sauveur.

Peuple, à genoux, attends ta délivrance.

Noël ! Noël ! Voici le Rédempteur !

Miðnætti, kristnir menn, er stundin hátíðlega

(Jólasöngur)

Miðnætti, kristnir menn, er stundin

hátíðlega

þegar Guð steig niður til vor

sem maður

til þess að afmá erfðasyndina

og binda endi á bræði föður síns.

Öll veröldin titrar af von

þessa nótt sem gefur henni frelsara.

Mannfólk, krjúpið niður, bíðið eftir

hjálpþræðinu.

Jól! Jól! Hér er endurlausnarinn!

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 11. DESEMBER 2010

1. fiðla

Sif Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rut Ingólfssdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir

Bassi

Páll Hannesson
Dean Ferrell

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

Klarinett

Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Emil Friðfinnsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Harpa

Elisabet Waage

Semball

Nicholas Kraemer

Orgel

Guðrún Óskarsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT



LJÓÐ / HLJÓÐ / MYND

Notalegt jólahlaðborð í Skrúði í hádeginu og á kvöldin



Í Skrúði er indælt að setjast niður með góðum vinum
og njóta ljúffengra jólakræsinga í hádeginu eða á kvöldin.

Jólabrunch allar helgar í desember.



*Skrúður er vinalegur staður, bókaðu núna
á hotelsaga@hotelsaga.is eða í síma 525 9900.*



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is